



„Seint er að byrgja brunninn, þá barnið er dottið ofan í“
Hvernig má hugsanlega draga úr brottfalli í framhaldsskólum?

Styrmir Magnússon

Lokaverkefni til BA gráðu í félagsráðgjöf

Félagsvísindasvið



HÁSKÓLI ÍSLANDS

**„Seint er að byrgja brunninn, þá barnið er dottið ofan í“
*Hvernig má hugsanlega draga úr brottfalli í framhaldsskólum?***

Styrmir Magnússon
230775-4439

Lokaverkefni til BA gráðu í félagsráðgjöf
Umsjónarkennari: Hervör Alma Árnadóttir

Félagsráðgjafardeild
Félagsvísindasvið Háskóla Íslands
Júní 2011

Ritgerð þessi er lokaverkefni til BA gráðu í félagsráðgjöf og er óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi rétthafa.

© Styrmir Magnússon 2011

Prentun: Háskólaprent
Reykjavík, Ísland 2011

Útdráttur

Í ritgerð þessari er fjallað um hvernig hugsanlega megi draga úr brottfalli í framhaldsskólum með því að hefja forvarnarstarf strax í grunnskólum. Leitast er við að finna hugsanlegar ástæður brottfalls og hvaða aðferðir séu líklegar til að draga úr því. Uppbyggingarstefnan er skoðuð í nokkrum skólum þar sem hún hefur verið reynd en þar hefur dregið úr agavandamálum og meðaleinkunn hækkað. Átak sem hefur verið í gangi í nokkur ár í Noregi til að draga úr brottfalli er skoðað og hvað læra megi af Norðmönnum. Einnig er skoðað hvaða hlutverki félagsráðgjafar geta gegnt til að draga úr brottfalli. Niðurstaða ritgerðarinnar er sú að það sem skiptir höfuðmáli í því að draga úr brottfalli er að foreldrar séu þátttakendur í lífi barnanna og vinni að því að byggja upp sjálfstraust þeirra. Uppbyggingarstefnan virðist vera að skila því að börnin standi uppi með betri sýn á sjálfan sig og aukna sjálfsmynd. Í Noregi virðist skipta máli að samfélagið sé meðvitað um vandann og þannig taki allir þátt í því að vinna gegn brottfalli. Þátttaka félagsráðgjafa virðist einnig skipta miklu máli þar sem þeir hafa þekkingu og möguleika á að vinna gegn brottfalli á víðari grunni og geta starfað með foreldrum, börnum og starfsmönnum skóla.

Formáli

Þessi heimildaritgerð er unnin sem lokaverkefni til BA náms við félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands. Ritgerðin fjallar um brottfall úr framhaldsskólum og hvernig hugsanlega megi draga úr því með fyrirbyggjandi aðgerðum strax á grunnskólastigi. Vill höfundur þakka Hervöru Ölmú Árnadóttur, lektor við félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands, fyrir góð ráð og leiðbeiningar. Eins vill höfundur þakka Önnu Jóhönnu Hilmarsdóttur, Jóhönnu Sesselju Erludóttur og Árna Rúnari Inaba Kjartanssyni fyrir yfirlestur og athugasemdir við málfar og stafsetningu.

Efnisyfirlit

Útdráttur	1
Formáli	2
Inngangur	4
Fræðilegur bakgrunnur	6
Lög	7
Aðalnámskrá grunnskóla	8
Aðalnámskrá framhaldsskóla	9
Skólanámskrá	10
Þroskakenningar Erikson	10
Sjálfsmynd	11
Rannsóknir	12
Forvarnir tengdar brottfalli	14
Tengsl foreldra, barna og skóla	14
Uppeldi til ábyrgðar	16
Heiðarskóli í Reykjanesbæ	17
Grunnskóli Seltjarnarness	18
Noregur	19
Félagsráðgjafar	22
Niðurstöður	25
Lokaorð	29
Heimildaskrá	31

Inngangur

Höfundur hefur í tvo áratugi starfað með börnum og unglingum eða frá því hann var unglingur sjálfur. Á þessum árum hefur sú skoðun myndast innra með honum að lausn flestra vandamála sem unglingar glíma við sé aukið sjálfsálit og aukið sjálfstraust. Hefur það orðið honum hjartans mál að börn og ekki síst unglingar geri sér grein fyrir því hvað þau skipta óendanlega miklu máli og að þau jákvæðu áhrif sem hver einstaklingur hefur á umhverfi sitt verði þeim ljós.

Á hverju ári hættir ákveðinn hópur unglunga í námi fljótlega eftir grunnskóla. Líklegast eru margar ástæður fyrir brottfalli og hefur það talsvert verið skoðað. Rannsóknir hafa sýnt að líðan þeirra sem ekki eru í námi 16-20 ára er verri en þeirra sem eru í námi (Svandís Nína Jónsdóttir, Stefán Hrafn Jónsson, Inga Dóra Sigfúsdóttir, Hera Hallbera Björnsdóttir og Bryndís Björk Ásgeirsdóttir, 2003). Það eru þessar niðurstöður sem vöktu áhuga á að skoða brottfall betur og reyna að komast að því hvað það er sem helst veldur brottfalli og hvernig draga má úr því.

Unnið er út frá þremur spurningum við heimildaleit og skrif, sú fyrsta snérist um að finna hver er hugsanleg ástæða fyrir brottfalli úr framhaldsskólum. Næsta spurning snérist um það hvernig hugsanlega megi draga úr brottfalli og þriðja spurningin er sú hvort hægt sé að nýta þekkingu félagsráðgjafa á þessu sviði. Með því að leita svara við þessum spurningum er hugsanlega hægt að stuðla að aukinni menntun og þannig bæta lífsskilyrði fólks, sjálfsálit og sjálfsmýnd.

Hér verður skoðað hvort orsök brottfalls megi rekja til fyrri skólaára og einnig hvort hægt sé að bæta líðan fyrr í skólaferlinu og þar með minnka brottfall úr framhaldsskólum. Skoðað verður hvort uppbyggingarstefna Diane Gossen geti nýst til þess að draga úr brottfalli og hver sé reynslan af þeirri stefnu. Jafnframt verður horft til Noregs þar sem mikið átak hefur verið í gangi til að draga úr brottfalli og skoðað hvort eitthvað megi læra af reynslu Norðmanna. Til að skoða hvernig þekking félagsráðgjafa geti nýst til að draga úr brottfalli eru skoðaðar greinar um skólafélagsráðgjafa og vinna þeirra innan skóla með börnum og foreldrum þeirra og hvernig þeir geta nálgast vandamálið frá ólíkum hliðum. Er það von höfundar að eitthvað áhugavert og nytsamlegt komi út úr þessari vinnu sem nota megi til að styrkja sjálfsmýnd barna og unglunga og draga úr brottfalli þeirra úr

framhaldsskólum.

Fræðilegur bakgrunnur

Samkvæmt Hagstofu Íslands (2008) er brottfallshópur þeir nemendur sem ekki endurnýja skráningu sína í framhaldsskóla á milli ára og hafa ekki útskrifast í millitíðinni og einnig þeir nemendur sem aldrei hafa skráð sig í nám á Íslandi að loknum grunnskóla. Flestir hætta námi við upphaf náms í framhaldsskólum.

Á Íslandi hefur brottfall ekki valdið miklum áhyggjum þar sem vinnumarkaðurinn hefur tekið við flestum þeim sem hætta í námi. Það er fyrst núna þegar atvinnuleysi hefur margfaldast sem brottfall er farið að skipta máli. Nú er mun meiri samkeppni um störf og þeir sem hafa einhverja menntun virðast eiga auðveldara með að fá vinnu en þeir sem einungis hafa lokið grunnskólaprófi. Þeir sem hætta hafa námi fljótlega eftir að hafa byrjað í framhaldsskóla eða jafnvel strax eftir grunnskóla eru í þeim hóp sem er í mestri hættu á að verða atvinnulausir. Staðan er verst hjá atvinnulausu fólki sem er undir 30 ára en 67% þeirra hafa einungis lokið grunnskólaprófi. Sé hinsvegar langtímaatvinnuleysi skoðað hjá þessum aldursflokki kemur í ljós að 73% þeirra sem eru í þeim hópi hafa einungis lokið grunnskólamenntun (Félags- og tryggingamálaráðuneyti, 2009).

Hagstofa Íslands (2008) gerði skýrslu um einstaklinga á Íslandi fædda 1982. Þar kemur fram að 4.352 einstaklingar eru á þessum aldri miðað við tölur Hagstofu 31. desember 1997. Af þeim eru 95% árgangsins skráð í nemendaskrá Hagstofu Íslands og gögn frá Lánasjóði íslenskra námsmanna. Það er sá hópur sem hefur skráð sig til náms að loknum grunnskóla. Við 24 ára aldur hafa 2.701 eða 62,1% lokið einhverju námi á framhaldsskólastigi. Hin tæplega 38% eru þeir sem ekki hafa verið skráðir í nám á Íslandi eftir grunnskóla og þeir sem hafa verið skráðir í nám en ekki lokið því. Af þeim eru 334 enn í námi og einhverjir sem hafa stundað nám í útlöndum og hafa jafnvel lokið námi þar. Sá hópur sem stendur eftir er brottfallshópur og er töluverður þó ekki sé hægt að koma með nákvæma tölu.

Hópur nemenda kemur illa undirbúinn til náms á framhaldsskólastigi og virðist sem það vanti upp á þjónustu fyrir þennan hóp og foreldra þeirra strax á grunnskólaaldri. Algengt er að þeir nemendur sem verst eru staddir eigi við félagslega erfiðleika að stríða, hafi litla trú á eigin getu og búi við erfiðar heimilisaðstæður. Svo virðist sem litlir burðir séu til þess að taka á heildrænan hátt

á vanda nemenda og fjölskyldna þeirra. Kennurum virðist til dæmis skorta fræðslu um ADHD, þar sem margir sem greinast með námsörðugleika á einhverju stigi hafi fengið þá greiningu. Einnig virðist vanta möguleika á að sinna nemendum með sérstakar þarfir. Algengasta úrræðið fyrir þessa nemendur virðist vera sérkennsla, hvort sem hún er einstaklingsmiðuð eða í hóp og það er ekki endilega lausn sem hentar öllum (Sigrún Harðardóttir, 2009).

Árið 2003 var gerð utanskólarannsókn á félagslegri stöðu ungmenna utan framhaldsskóla og hún borin saman við stöðu jafnaldra þeirra í framhaldsskólum. Í þeirri rannsókn er margt sem bendir til þess að stærsti hluti þeirra sem ekki ljúka framhaldsskólanámi eigi við námsörðugleika að etja, hvort sem það er af félagslegum ástæðum eða vegna sértækra námsörðugleika. Í sömu skýrslu er því jafnframt haldið fram að það sé ekki endilega lausn á vandamálum þessa hóps að hann klári framhaldsskóla því stundum gæti það jafnvel aukið á vanda þeirra. Það þarf að nálgast vandamálið mun fyrr í ferlinu og hjálpa einstaklingunum löngu áður en kemur að því að fara í framhaldsskóla, eins og máltækið segir: „Seint er að bygja brunninn, þá barnið er dottið ofan í“ (Svandís Nína Jónsdóttir o.fl., 2003).

Lög

Samkvæmt lögum um grunnskóla nr. 91/2008 er börnum skylt að ganga í grunnskóla og er miðað við 10 ára skólaskyldu frá 6 til 16 ára aldurs, þó einstaka undantekningar séu á því þar sem sumir ljúka skyldunámi á skemmri tíma. Markmið skólans er að stuðla að alhliða þroska og er þá átt við að nemandi þroskist sem einstaklingur, vitsmunavera og félagsvera. Grunnskóli á að stuðla að þátttöku nemanda í lýðræðislegu þjóðfélagi, þar sem allir eru jafngildir og geta haft áhrif á eigið þjóðfélag. Þetta skal skólinn gera í góðu samstarfi við heimilin og þannig tryggja farsælt skólastarf, almenna velferð og öryggi nemenda.

Grunnskólinn skal meta árangur nemandans reglulega og fylgjast þannig með framvindu hans og hvernig honum gangi að uppfylla markmið aðalnámskrár. Í matinu komi fram hvaða nemendur þurfi á sérstakri aðstoð að halda. Auk þess skuli forvarnarstarf stuðla að því að nemandanum sé tryggð kennsla og námsaðstoð við hæfi. Nemendur skuli alltaf hafa greiðan aðgang að sérfræðiaðstoð (Lög um grunnskóla nr. 91/2008).

Í lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008 segir að allir sem lokið hafa grunnskólanámi, jafngildu námi eða náð hafi 16 ára aldri eigi rétt á að hefja nám í framhaldsskóla. Framhaldsskólum er þó heimilt „...að gera sérstakar kröfur um undirbúning og námsárangur vegna innritunar á einstakar námsbrautir framhaldsskóla“ (32. gr.).

Hlutverk framhaldsskólans er eins og grunnskólans að stuðla að alhliða þroska og búa nemandann undir þátttöku í lýðræðislegu þjóðfélagi. Framhaldsskólinn á jafnframt að bjóða upp á nám við hæfi fyrir hvern nemanda og búa hann þannig undir þátttöku í atvinnulífinu og að hann hafi tækifæri til aukins náms. Skal þetta gert með því meðal annars að auka sjálfstraust, frumkvæði, aga og ábyrgðarkennd nemandans (Lög um framhaldsskóla nr. 92/2008).

Í fyrrgreindum lögum er einnig minnst á nemendur með sérþarfir og er þar átt við nemendur með fötlun, tilfinningalega eða félagslega örðugleika, nemendur með leshömlun og nemendur sem eiga við veikindi eða sérstaka námsörðugleika að stríða. Þessir nemendur eiga rétt á sérstökum stuðningi (Lög um framhaldsskóla nr. 92/2008).

Aðalnámskrá grunnskóla

Núverandi aðalnámskrá tók gildi 1. ágúst 2007 og skiptist hún í þrettán hluta; almennan hluta og tólf greinahluta. Almenni hlutinn snýr meðal annars að uppeldishlutverki, meginstefnu og kennsluskipan en greinahlutarnir snúa að námssviðum, meginmarkmiðum og skipulagi þeirra. Aðalnámskrá átti að falla úr gildi 2010 en ekki er enn komin ný aðalnámskrá þó finna megri drög að henni á heimasíðu Mennta- og menningarmálaráðuneytisins (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, e.d.).

Til að mega hefja nám í framhaldsskóla á öðrum brautum en almennri braut þarf nemandi að standast inntökuskilyrði framhaldsskólanna en þau eru að hafa náð tilteknum lágmarksárangri í ákveðnum greinum í grunnskóla. Þeir sem ekki hafa náð lágmarksárangri geta hafið nám á almennri braut en þurfa þá að taka upprifjunarnámskeið. Allir eiga þannig rétt á að hefja nám í framhaldsskólum óháð árangri í grunnskólum (Menntamálaráðuneytið, 2006).

Til þess að sem bestur árangur náist í skólastarfi þarf að leggja ríka áherslu á

samstarf heimilis og skóla. Brýnt er að foreldrar og kennarar séu í góðu sambandi og miðli upplýsingum um nemendur í báðar áttir. Ef skóli og heimili eru samstíga í uppeldismálum aukast líkur á góðum árangri í skóla enn frekar og það er í raun besta forvörnin gegn ýmisskonar vá, til dæmis fíkniefnum og óæskilegri hegðun. Umsjónarkennari nemanda er helsti tengiliður skólans við heimilin og á honum hvílir sú ábyrgð ásamt foreldrum að fylgjast með högum nemandans og hvernig hann stendur sig í náminu. Umsjónarkennari er leiðbeinandi nemanda og á vissan hátt eftirlitsaðili. Hafi nemandi þörf á að ræða um einhver mál er snúa að velferð hans þá er mikilvægt að allir starfsmenn skólans kunni að bregðast rétt við. Það er einnig starfsmanna skólans að bregðast við ef þeir verða vitni að stríðni, einelti, agabroti eða vanlíðan (Geir Bjarnason, 2010; Menntamálaráðuneytið, 2006).

Aðalnámskrá framhaldsskóla

Í lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008 er skýrt tekið fram að allir eigi rétt á menntun við hæfi og að þeir geti valið nám sem hentar þeim (Menntamálaráðuneytið, 2004; Stjórnarskrá Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944). Til að mæta þörfum nemenda og draga úr brotthvarfi eiga framhaldsskólar að bjóða upp á fjölbreytt nám, skýrar námskröfur, upplýsingamiðlun, ráðgjöf, góða leiðsögn og samstarf við foreldra (Menntamálaráðuneytið, 2004).

Þeim nemendum sem ekki ná lágmarksskilyrðum til inngöngu á lengri námsbrautir framhaldsskólanna eða hafa ekki gert upp hug sinn skal standa til boða að stunda nám á svokölluðum almennum brautum. Þar eiga þeir að geta undirbúið sig undir nám á lengri námsbrautum og einnig stundað nám í valfögum þar sem þeir geta glímt við önnur viðfangsefni. Mikilvægt er að nemendum sem velja þessa námsleið sé fylgt eftir með aðstoð og ráðgjöf. Þeim þarf einnig að standa til boða að halda áfram námi í öðrum greinum en hefðbundnum bóknámsgreinum, kjósi þeir það. Á þann hátt er jafnvel hægt að auka áhuga þeirra á áframhaldandi námi síðar meir (Menntamálaráðuneytið, 2004).

Hluti af því námi sem ætlað er til þess að efla nemendur og hjálpa þeim til að vera heilsteypfir einstaklingar er lífsleikni og er hún skyldufag í framhaldsskólum á öllum brautum. Markmið lífsleiknikennslu er að nemendur læri að taka ábyrgð á eigin lífi sem meðal annars þýðir ábyrg afstaða til fíkniefna, að nemendur þekki

samfélag sitt og verði færir um að bæta umhverfi sitt með lýðræðislegum aðferðum (Menntamálaráðuneytið, 1999).

Skólanámskrá

Í aðalnámskrá eru skólum sett viðmið og svo er það skólanna að útfæra þau í eigin námskrá sem tekur mið af því hvernig nemendur skólans eru og þær kennsluaðferðir sem skólinn aðhyllist. Viðmið sem sett eru í aðalnámskrá eru meira almenns eðlis og eru til þess ætluð að veita skólum aðhald og einnig að foreldrar hafi sem skýrasta mynd af því hvað kenna eigi í skólum landsins. Viðmiðin eru þannig að sem flestir nemendur eigi að geta náð þeim, en svo er það skólanna sjálfra að mæta þeim nemendum sem ekki ná settum viðmiðum eða skara langt fram úr í getu (Menntamálaráðuneytið, 2006).

Skólanámskrá framhaldsskóla á að fela í sér hvernig skólarnir hyggist framfylgja hlutverki sínu samkvæmt 2. gr. laga um framhaldsskóla nr. 92/2008. Einnig skal í skólanámskrá koma fram hvaða áherslur séu í kennsluháttum, námsmati, náms- og starfsráðgjöf auk annarra þátta. Skólanámskrá á að gera grein fyrir því hvaða nám sé í boði í viðkomandi framhaldsskóla og lengd þeirra námsbrauta sem í boði eru (Menntamálaráðuneytið, 2004).

Proskakenningar Erikson

Samkvæmt þroskakenningum Erikson er talað um að þroski einstaklings frá vöggu til grafar sé átta stig. Hér verður athyglinni beint að fyrstu sex stigunum sem eiga við frá því að einstaklingur gengur sín fyrstu skref og fram á fyrri hluta fullorðinsáranna í kringum 25 – 30 ára. Fyrstu kynni barns af heiminum snúast um það að barnið er háð foreldrum sínum og treystir á þá með allar sínar þarfir. Þar er fyrsta skrefið í því að barnið lærir að mynda traust eða uppgötvar að hjálpin er ekki alltaf til staðar þegar hennar er þörf. Það getur svo leitt til þess að barnið á erfitt með að treysta á aðra. Svo koma árin sem barnið vill fá að ráða sér svolítið sjálft og er farið að geta komist á milli staða af sjálfsdáðum. Þetta nýuppgötvaða sjálfstæði geta foreldrar stutt með því að hvetja barnið áfram innan ákveðins ramma. Fyrstu árin eru mótunarár og barnið finnur þörfina á að vera með jafnöldrum sínum auk þess sem það kemst að því hverju það getur komið til leiðar með hjálp frá fullorðnu

fólki. Barnið er að takast á við ný verkefni og byggir þannig upp sjálfstraustið. Hættan er hinsvegar sú að sjálfstraustið sé brotið niður með ósanngjörnum skömmum og með því að ala barnið upp í sektarkennd. Það getur orðið til þess að barnið veigrar sér við að reyna við ný verkefni. Þegar kemur að því að barnið fari í skóla rennur upp tími uppgötvana þar sem barnið uppgötvar að hæfileikar barna eru mismunandi og að allir eru ólíkir. Barnið upplifir jafnframt ábyrgð og skuldbindingu. Líklegt er þó að þau börn sem hafa ekki verið undirbúin undir skólagöngu heima hjá sér og þau ekki studd fari á mis við þessa nýju upplifun, ábyrgð og skuldbindingu. Einnig er hægt að brjóta hana niður bæði af kennurum og foreldrum sem veita barninu lítinn eða engan stuðning. Þegar barnið verður unglingur fer það að upplifa sjálf sig á nýjan hátt, hver það vill vera, hvað það vill gera, fyrstu ástina, traust, vináttu og fyrstu skrefin í vinnu. Þá þarf það enn stuðning frá fullorðnum og þá þarf líka sjálfstraustið að vera til staðar úr barnæskunni. Þeir sem hafa lítið sjálfstraust eiga mun erfiðara með að taka stefnu og þeir sem ekki hafa fundið fyrir kærleika eða ást eiga jafnvel erfitt með að sýna kærleika og ást sjálfir (Berk, 2005).

Sjálfsmynd

Coopersmith (1968) skipti sjálfsmynd í fernt. Í fyrsta lagi að sjálfsmynd fælist í að einstaklingur er metinn fyrir það sem hann er og að fá ástúð, athygli og samþykki annarra. Í öðru lagi að hæfileikar og verk séu metin. Í þriðja lagi að hafa völd til sjálfstæðis og þannig getað öðlast viðurkenningu annarra. Og í fjórða lagi að vera metinn að verðleikum sínum.

Þegar sjálfsmynd er skoðuð eftir kyni kemur í ljós að lítil munur virðist vera á sjálfsmynd stúlkna á milli bernsku- og unglingsáranna. Hinsvegar virðist sjálfsmynd drengja á unglingsaldri oft vera lélegri en í bernsku. Kannanir hafa þó leitt í ljós að á unglingsárunum virðist sem að sjálfsmynd stúlkna sé verri en stráka. Að loknum unglingsárunum virðist sem dragi úr þessum mun og munurinn á sjálfsmynd kynjanna verði lítill sem enginn (Polce-Lynch, Myers, Kliewer og Kilmartin, 2001).

Það getur haft áhrif á sjálfsmynd einstaklingsins að tilheyra ákveðnum hóp á þann hátt að einstaklingnum finnst vera upphefð í því að vera hluti af hópnum. Það getur verið hvatning til að leggja hart að sér til þess að þóknast öðrum innan

hópsins. Sú staða getur jafnframt komið upp innan hópsins að einstaklingurinn finnur ekki lengur fyrir samþykki, eða að stoltið yfir því að tilheyra hópnum hverfur. Þá annað hvort reynir viðkomandi að hafa áhrif á hópinn til þess að öðlast samþykki eða virðingu aftur eða þá að hópurinn er yfirgefinn og fundinn er annar hópur sem samþykkir viðkomandi og hann finnur fyrir eigin verðleikum á ný (Buchanan og Huczynski, 2010).

Tengsl barna við foreldra skipta miklu máli við mótun sjálfsmyndar. Barn sem hefur fengið jákvæða athygli og átt jákvæð samskipti við foreldra er mun líklegra til að hafa sterka sjálfsmynd en þeir sem hafa búið við afskiptaleysi (Brendtro, Brokenleg og Bockern, 1990).

Þeir einstaklingar sem glíma við námserfiðleika og/eða eiga í félagslegum vandræðum eru líklegastir til þess að falla úr námi að loknum grunnskóla. Þetta er sá hópur sem á erfiðast með að fá vinnu og er líklegastur til þess að vera vikið úr starfi. Mjög mikilvægt er að grípa til aðgerða fyrir þennan hóp svo hann einangrist ekki algerlega og verði félagslega útilokaður (Félags- og tryggingamálaráðuneyti, 2009).

Rannsóknir

Rannsóknir sem gerðar voru meðal fólks á aldrinum 16 – 20 ára, sem ekki stundar nám í hefðbundnum framhaldsskólum, hafa leitt í ljós að líðan þeirra sem aðallega stunda vinnu eða eru atvinnulausir er verri en jafnaldra þeirra sem stunda aðallega nám, hvort sem það er nám í eða utan framhaldsskóla. Þeir sem ekki stunda nám virðast eiga veikari tengsl við fjölskyldur sínar, fá minni stuðning frá fjölskyldum sínum og vera undir minna eftirliti en jafnaldrar þeirra sem aðallega stunda nám. Þessi sami hópur virðist jafnframt vera með lakara sjálfstraust og er líklegri en jafnaldrar þeirra til að neyta ólöglegra fíkniefna (Hrefna Pálsdóttir, Álfgeir Logi Kristjánsson, Inga Dóra Sigfúsdóttir, Birna Baldursdóttir og Jón Sigfússon, 2010; Svandís Nína Jónsdóttir o.fl., 2003).

Vandi þeirra unglunga sem hætt hafa í námi áður en þeir hafa lokið námi á framhaldsskólastigi virðist ekki spretta upp um leið og í framhaldsskóla er komið heldur er vandamálið til komið mun fyrr hjá þessum einstaklingum. Ástæður brottfalls virðast oftast en ekki vera námserfiðleikar af einhverju tagi og því þarf að

grípa inn í líf þessara einstaklinga mun fyrr í ferlinu. Sé ekkert aðhafst á meðan þessir einstaklingar eru í framhaldsskólum má ætla að erfiðleikar þeirra geri lítið annað en að magnast og jafnvel kunna fleiri vandamál að koma upp þegar í framhaldsskóla er komið (Svandís Nína Jónsdóttir o.fl., 2003).

Rannsóknir hafa sýnt að menntun foreldra, fátækt og þjóðfélagsleg staða skipta máli þegar kemur að árangri barns og tengslum þess við skólann, því betur sem foreldrar eru staddir því meiri líkur eru á að barninu gangi vel. Þegar upp er staðið er það þátttaka foreldra í lífi barnsins sem skiptir mestu máli. Samkvæmt fleiri rannsóknum virðist sem árangur barna sé mest tengdur þátttöku foreldra í lífi þeirra og engu máli virðist skipta í hverju er tekið þátt, bara að foreldrar taki þátt í lífi barnanna. Mikilvægt er að halda þessum tengslum áfram á unglingsárum þó svo þau geti breyst frá því að vera aðstoð yfir í að vera stuðningur. Þátttaka foreldra hefur þau áhrif að nemendurnir hafa betra sjálfstraust, horfa jákvæðari augum á námið og eru einbeittari í að ná árangri. Það eru þessi jákvæðu tengsl sem myndast innan veggja heimilisins sem eiga mestan þátt í velgengni barnsins í skóla (Desforges, 2003). Til að árangur og líðan barnsins í skólanum sé sem best tryggður skiptir máli að samskipti milli skóla og foreldrar séu til staðar og að þar ríki gagnkvæm virðing (Rannsóknir & greining, 2009).

Forvarnir tengdar brottfalli

Samkvæmt 19. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008 eru það foreldrar sem bera ábyrgð á skólasókn barna sinna og þar af leiðandi ber þeim, í samvinnu við börnin og kennara, að fylgjast með hvernig gengur í skólanum. Hér hefur í lögum verið lögð rík skylda á foreldra um að þau taki þátt í námi barnanna.

Í aðalnámskrá grunnskóla er nauðsyn þess að foreldrar séu þátttakendur í námi barnanna ítrekuð enn frekar. Þeim ber að senda börn sín í skóla og vinna að því eins og helst er kostur að börn þeirra séu móttækileg fyrir þeirri menntun sem skólinn býður upp á. Skólinn ber einnig samábyrgð á uppeldinu og skal vera foreldrum til halds og traust sem menntastofnun. Til þess að samstarfið megi bera sem mestan árangur þarf að ríkja gagnkvæmt traust og gagnkvæm virðing á milli foreldra og skóla. Sé þetta samstarf gott og náist sterk samstaða þá er það besta forvörnin gegn til dæmis fíkniefnaneyslu og óæskilegri hegðun og þannig aukast líkur á námsárangri og góðri velferð barnsins (Menntamálaráðuneytið, 2006).

Tengsl foreldra, barna og skóla

Skólinn hefur þá sérstöðu að mynda tengsl við foreldra og börn og það er því meðal annars hans hlutverk að stuðla að velferð barnanna og koma að lausn vandamála barna áður en þau hafa fyllst neikvæðni á sjálf sig og skólann og áður en vandamálið er orðið foreldrum ofviða. Skólinn gegnir einnig því hlutverki ásamt foreldrum að gera barnið hæfara til að takast á við það flókna samfélag sem bíður að lokinni skólagöngu. Skólinn er ekki bara menntastofnun heldur er það jafnframt hlutverk hans að sjá til þess að nemandi líði vel og að hann verði fær um að takast á við lífið sem bíður ásamt því að undirbúa hann undir frekara nám (Sigrún Júlíusdóttir, 2001).

Skólinn á, samkvæmt aðalnámsskrá grunnskóla – lífsleikni, að efla nemandann og hjálpa honum til aukinnar sjálfsþekkingar þannig að nemandinn hafi aukið sjálfstraust og geti verið ábyrgur borgari sem móti og bæti umhverfi sitt. Það er því eitt af hlutverkum skólans að styðja nemendur sína og láta sig þá varða þannig að þeir finni og skilji að þeir séu einhvers virði í því samfélagi sem þeir tilheyra (Menntamálaráðuneytið, 2007).

Börn þurfa á tengslum að halda og þau börn sem ekki ná að mynda tengsl heima hjá sér leita að þeim annarsstaðar meðal annars í skólanum. Á yngstu stigum skólans eru tengsl við kennara meiri en á eldri stigum og er hætt á að þau hverfi alveg eftir því sem barnið verður eldra. Börn sem líklegust eru til að hætta í skóla eru þau börn sem hvorki finna til tengsla við fjölskyldu né skóla, sérstaklega þau börn sem kennarinn hefur aldrei vingast við. Allt of algengt er að kennarar og skólayfirvöld bendi á heimilin eða barnið sjálft sem ástæðu vandans, sökin sé ekki skólans (Brendtro o.fl., 1990). Það skiptir því miklu máli að kennarar myndi tengsl við nemendur, hlusti á þá og viti hvernig þeim líður. Þegar það tekst þá er hægt að bregðast mun fyrr við erfiðleikum nemandans og jafnframt getur það orðið til þess að erfiðleikar nemandans minnki. Sá nemandi sem verður utanveltu í skólanum og finnur fyrir áhugaleysi skólans gagnvart sér er mun líklegri til að verða til vandræða sem svo aftur mun koma út í lakari árangri hans (Good, Grumley og Roy, 2003). Þeim sem gengur illa í námi og líður illa í skólanum eða sjá engan tilgang með náminu og finna ekki fyrir neinni skuldbindingu gagnvart náminu mynda oft veik tengsl við skólann. Mikilvægt er að nemendur finni fyrir tengslum við skólann því þeir nemendur sem ekki finna til tengsla við skólann eru líklegri til að tileinka sér neikvæðan lífstíl og hætta námi (Good o.fl., 2003; Svandís Nína Jónsdóttir o.fl., 2003).

Eins og fram hefur komið er mikilvægt að skólar og foreldrar séu í nánu sambandi sem byggir á trausti og gagnkvæmri virðingu. Fyrir utan foreldrana eru skólar mikilvægasta uppeldisstofnunin og sá mikli tími sem kennarar eyða með nemendum sínum auðveldar þeim að greina þarfir nemenda og velferð. Þeir eru í raun aðhald fyrir foreldra á sama tíma og foreldrar eru aðhald fyrir kennara (Sigrún Júlíusdóttir, 2001).

Mikilvægt er að foreldrar tengist börnum sínum og eigi við þau jákvæð samskipti. Þegar á unglingsaldurinn er komið er hætt á að þessi tengsl minnki en þörfin er þó enn til staðar, unglingar þarfnast eftirtektar foreldra sinna og að foreldrar sýni þeim og því sem þau eru að gera áhuga (Ólöf Ásta Farestveit og Þorbjörg Sveinsdóttir, 2006).

Uppeldi til ábyrgðar

Margir skólar á Íslandi notast við atferlismótunaraðferð sem kallast „Uppeldi til ábyrgðar“ sem Diane Gossen frá Kanada hefur þróað. Þessi stefna er oft kölluð uppbyggingarstefna þar sem hún gengur út á að byggja einstaklinginn upp, hér eftir verður notast við það heiti. Diane Gossen kom fyrst til Íslands árið 2000 og hélt fyrirlestur um aðferðir sínar. Eftir það byrjaði Foldaskóli að innleiða þessar aðferðir og hafa svo fleiri skólar fylgt í kjölfarið (Guðlaug Erla Gunnarsdóttir og Magni Hjálmarsson, 2007).

Í þeim skólum sem notast við uppbyggingarstefnuna setur skólinn í samráði við foreldra fáar reglur um það sem telst óásættanleg hegðun og ákveður hver viðurlögin eru við að brjóta þær. Kennarar setja sér jafnframt reglur sín á milli um hvernig kennarar þeir vilja vera og hvernig þeir vilja hafa samskiptin sín á milli. Í hverjum bekk vinna svo nemendur að bekkjarsáttmála þar sem þeir koma með þær reglur sem þeir fara eftir heima og svona vinna þeir í sameiningu að því að útbúa sáttmála fyrir sinn bekk. Reglurnar sem nemendur eru að fara eftir eru því reglur sem þeir hafa sjálfir sett sér, ekki eitthvað yfirvald (Good o.fl., 2003; Gossen, 2007).

Uppbyggingarstefnan er aðferð sem gengur út á að byggja upp sjálfstraust nemenda. Megináherslan er á gerandann en ekki þolandann. Gerandinn, sá sem brýtur af sér, fær tækifæri til að byggja sig upp og verða sá sem hann vill vera, hann fær því tækifæri til þess að ná jafnvægi og sjálfstrausti á ný. Áherslan í uppbyggingarstefnunni er á það að hegðun stjórnist af því hver unglingurinn sjálfur vill verða og hvaða mynd hann hefur af sjálfum sér en ekki af því hvaða kröfur aðrir gera eða hvaða verðlaun eða skammir hann fær fyrir hegðunina (Good o.fl., 2003; Gossen, 2007).

Í rannsókn sem Guðlaug Erla Gunnarsdóttir (2007) gerði til að athuga hvaða áhrif uppbyggingarstefnan hefur á stjórnunarhætti í grunnskólum kemur fram að skólastjórnendum sem vinna eftir henni finnst þeir þurfa mun minni tíma til að sinna agamálum og þeir viti mun betur hvað eigi að gera þegar upp koma agamál. Allir í skólanum séu meðvitaðir um hver viðbrögðin eigi að vera og hvernig taka eigi á agamálum. Þeir sögðu líka að þeim líði betur í starfi og séu öruggari í samskiptum við nemendur. Kennarar töldu að uppeldi til ábyrgðar ýti undir jákvæð samskipti,

dragri úr agavandamálum og viðhorf nemenda til skóla og skólastjórnenda séu yfirhöfuð jákvæðari en áður var. Í sömu rannsókn kemur fram að rannsakandi hafi heimsótt skóla í Minneapolis og undrast hversu góður agi ríkti í þeim skóla miðað við erfiðar aðstæður margra af nemendum þess skóla.

Jeff Grumley var árið 1992 fenginn til West Middle-skólans í Rockford í Illinois til að innleiða Perceptual Control Theory, sem uppbyggingarstefnan er meðal annars byggð á. Þegar þjálfun og innleiðing hafði staðið yfir í tvö ár hafði tilvísunum til skólastjóra vegna agabrota fækkað um 40%. Þegar kenningin hafði verið notuð í skólanum í 11 ár var fækkun tilvísana 64% frá því áður en kenningin var tekin upp. Það sem er áhugaverðast við þessa þróun er að einkunnir nemenda höfðu hækkað um 20% frá því sem áður var og tíminn í kennslustofum sem fór í verkefni hafði aukist til muna, sem sagt minni tími fór til spillis (Good o.fl., 2003).

Heiðarskóli í Reykjanesbæ

Heiðarskóli er einn af þeim skólum sem notast við uppbyggingarstefnuna og er skólanámskrá skólans byggð á henni. Heiðarskóli leggur áherslu á „jákvæðan aga og þróðmennsku, sjálfstæð vinnubrögð og samvinnu, íþróttir, hreyfingu og hollar lífsvenjur, verkgreinar, listir og skapandi starf“. Skólinn vill að nemendur sínir séu: „ábyrgir, gagnrýnir, fróðleiksfúsir, fordómalausir og víðsýnir“ (Heiðarskóli, e.d.).

Skólinn leggur mikla áherslu á að styrkja sjálfsmynd og sjálfstraust nemenda sem á að skila árangri í forvarnarstarfi skólans. Til að auka gildi forvarna í skólanum bjóða þeir upp á fræðslu fyrir foreldra og styðja við foreldra með ýmsum forvarnarverkefnum. Lögð er mikil áhersla á samstarf við foreldra þar sem rannsóknir hafa sýnt að fátt hafi betri áhrif á alhliða árangur nemenda en áhugi og stuðningur foreldra. Hluti af því að byggja upp sjálfstraust og sjálfsmynd er að bjóða upp á færni- og áhugamiðað nám fyrir nemendur elstu bekkjanna með hegðunar- eða námsörðugleika. Reglulega fer fram fjölbreytt námsmat sem er til þess ætlað að meta þekkingu, skilning, færni og framfarir nemenda og þannig er fengið fram hverjar eru sterkustu hliðar hvers nemanda og áhersla lögð á að auka sjálfstraust og að hann geti náð fram sínum besta árangri (Heiðarskóli, e.d.).

Grunnskóli Seltjarnarness

Í Grunnskóla Seltjarnarness er verið að innleiða uppbyggingarstefnuna og hefur skólareglum verið breytt í anda stefnunnar. Reglurnar í skólanum eru fáar og skýr mörk eru um það hvað sé óásættanleg hegðun, en við broti á reglunum er nemandinn tekin úr hópnum og honum veitt tækifæri til þess að byggja sjálfan sig upp í anda uppbyggingarstefnunar og læra af mistökum sínum (Grunnskóli Seltjarnarness, 2010).

Í skólanum starfar eineltisráð sem er skólastjóra til fulltingis. Nemendur eru allt frá fyrsta skólaári fræddir um einelti og hvattir til að láta vita verði þeir vitni að slíku. Einelti líðst ekki undir nokkrum kringumstæðum í skólanum og eru foreldrar hvattir til að fræða börnin sín heima og styðja þannig skólann í baráttunni gegn einelti. Ef upp kemst um einelti vinna umsjónakennarar og skólastjórnendur að lausn og haft er samband við foreldra. Eins geta nemendur, foreldrar og annað starfsfólk aðstoðað við að leysa þau mál sem upp koma (Grunnskóli Seltjarnarness, 2010).

Áhersla er lögð á að nemendum líði vel í skólanum til þess að þeir nái árangri og njóti námsins. Lögð er áhersla á að samstarf og gagnkvæm virðing og gagnkvæmt traust ríki milli foreldra og skóla. Skólinn leggur áherslu á að upplýsingar berist í báðar áttir, bæði til og frá skóla. Foreldrar eru hvattir til að spyrja börn sín um líðan þeirra í skólanum og styðja við þau með áhuga, hvatningu og hrósi (Grunnskóli Seltjarnarness, 2010).

Noregur

Á árunum 2003 – 2006 var í gangi átak gegn brottfalli úr framhaldsskólum í Noregi. Átakið var framkvæmt sem hluti af áætlun ríkisstjórnarinnar gegn fátækt. Fyrsta árið var gerð tilraun í fjórum fylkjum en eftir það tóku öll fylkin þátt í átakanu. Norðmennirnir fóru í það að auka námsframboð í skólum og reyna að móta skólana þannig að allir nemendur gætu fundið eitthvað við sitt hæfi. Þeir reyndu að virkja foreldrana inn í skólastarfið. Þeir sem stóðu að þessu átaki töldu að mögulekt væri að sjá frekar snemma í skólastarfinu hverjir væru í áhættuhóp og líklegir til að ljúka ekki framhaldsskólanum (Buland og Havn, 2007).

Það sem skýrsluhöfundar Buland og Havn (2007) töldu að skipti mestu máli fyrir árangur var að vinnan við að draga úr brottfalli úr skólum þyrfti að byrja í grunnskólum og vera hluti af skólastarfinu, ekki sem eitthvað átak sem gengi yfir skemmri tíma, heldur ferli sem væri fast í öllu skólastarfi. Það þyrfti að auka samstarf milli mismunandi menntunarstiga og í raun þyrfti allt menntakerfið að vinna saman sem ein heild. Kennarar eru í aðalhlutverki í þessari vinnu og því þarf að auka fræðslu hjá kennurum því þeir eyða miklum tíma með nemendum á hverjum degi og geta því tekið eftir hættumerkjum á undan öðrum. Það skiptir einnig máli að skólastjórar séu leiðandi í stefnu skólanna og að aðrir starfsmenn skólanna séu samstíga við að hindra brottfall. Það skiptir líka máli að skólayfirvöld á hverju svæði taki þátt og þannig séu allir skólarnir á svæðinu þátttakendur.

Þegar svona átak er sett í gang þá gerist það ekki hljóðlega og þannig að enginn veit af því. Það sem gerist hinsvegar er að allir eru meðvitaðir, skólarnir eru þátttakendur, samfélagið í kring veit að það er átak í gangi gegn brottfalli úr framhaldsskólum og þannig hefur það áhrif vegna þess að allir vita að það þarf að vinna saman og gera eitthvað til að koma í veg fyrir þetta brottfall. Þegar allir taka höndum saman og vinna að því að minnka brottfall þá aukast líkur á að árangur náist (Buland og Havn, 2007).

Rannsóknir í Noregi hafa sýnt fram á að einkunnir úr grunnskólum skipta miklu máli. Þeir sem fá góðar einkunnir í grunnskóla eru líklegri til að klára framhaldsskóla en þeir sem eru með lágar einkunnir. Þeir sem eru með lágar einkunnir þurfa jafnframt að leggja meira á sig til að ljúka framhaldsskólanámi.

Erfiðara er fyrir þá sem ljúka námi í grunnskóla með lágar einkunnir að fá vinnu og þeir eiga jafnframt erfiðara með að haldast í vinnu (Falch, Borge, Lujala, Nyhus og Strøm, 2010).

Skólarnir þurfa að bjóða upp á nám sem hentar ólíkum nemendum, sumt af því námi þarf að tengja atvinnulífinu sem getur jafnvel auðveldað nemendum að finna það sem þeir vilja starfa við og getur það orðið til þess að hvetja nemendur til enn frekara náms tengt því starfi sem þeir fá að kynnast. Markmiðið er að halda nemendum lengur í framhaldsskólum til þess að auka líkur á því að þeir finni nám sem þeim líkar og að námið sé hvatning fyrir nemandann til að verða virkur þjóðfélagsþegn (Buland og Havn, 2007). Það sem er reyndar merkilegt er að stærsti hópurinn sem hættir í skóla án þess að ljúka námi á framhaldsskólastigi, hættir ekki fyrr en á þriðja ári eða að meðaltali eftir 2,9 ár meðan þeir sem útskrifast hafa verið í 3,4 ár þannig að það munar ekki nema hálfu ári á þessum tveimur hópum. Svo virðist vera að aðal orsök brottfalls þessa hóps sé að þeir eru ekki að ná prófum (Falch, Johannesen, og Strøm, 2009; Torberg Falch og Ole Henning Nyhus, 2009).

Í Norður-Noregi er brottfall úr skólum áberandi hærra en annarsstaðar af landinu. Ástæður þess má rekja til þess að almennt er um langar vegalengdir að ræða í skólana, það sama á reyndar við um fleiri staði í Noregi en þar er brottfall mun minna en í Norður-Noregi. Helsta orsök þess að brottfall þar er svona mikið er að menntunarstaða foreldra er almennt lægri þar en annars staðar á landinu (Falch o.fl., 2010).

Nemendur sækja um skólavist í ákveðnum skólum sem fyrsta val, það eru yfirleitt skólar sem þeir vilja læra í og hafa kynnt sér og eru þeir búnir að byggja upp væntingar varðandi skólagöngu í þeim skóla. Eftir að hafa verið hafnað af þeim skólum en fá inni í einhverjum öðrum skóla sem þeir hafa mun minni áhuga á að vera í þá hætta þeir oft í þeim skóla við fyrsta tækifæri (Buland og Havn, 2007).

Í Noregi er oft tímabilið sem einstaklingar fara í framhaldsskóla sá tími sem þeir flytja að heiman og þurfa þá í fyrsta skiptið að treysta á sig sjálfa, það eitt getur verið ástæða fyrir því að fólk treystir sér ekki í framhaldsskóla. Þessi þáttur spilar oft saman við félagsfærni unglínganna vegna þess að það að fara í framhaldsskóla þýðir breytingar á lífinu. Unglingurinn kemur til með að umgangast ókunnugt fólk og þarf að takast á við margar aðrar breytingar frá því að vera í grunnskóla og þess

vegna velja margir unglingar að fara ekki í framhaldsskóla. Þetta er eitthvað sem kennarar og ráðgjafar í grunnskólum geta unnið með því að oft má sjá snemma í skólastarfinu hvaða nemendur eru líklegri til þess að hætta námi að loknum grunnskóla, en þar geta kennarar og ráðgjafar gripið inn í og reynt að hafa áhrif. Í skýrslu þeirra Buland og Havn kemur jafnframt fram að sum fylki hafi byrjað að senda skólaráðgjafa saman á námskeið þar sem þeir læra að bregðast við og ná á sama tíma að mynda tengslanet sem þeir geta svo nýtt sér í starfi sínu sem ráðgjafar (Buland og Havn, 2007).

Halvorsen (2010) menntamálaráðherra Noregs segir að það mikilvægasta í norsku samfélagi sé fólkið og það skapi mestar tekjur inn í þjóðarbúið. Það sem sé hinsvegar að gerast sé að fólk með menntun er frekar ráðið í laus störf og þannig verði sífellt fleira ungt fólk, sem ekki hefur lokið neinu námi á framhaldsskólastigi, sem situr uppi án atvinnu eða í láglaunastarfi. Um 30% Norðmanna hætta í skóla áður en framhaldsskóla líkur og eru þá líklegri til að lenda í afbrotum, atvinnleysi eða láglaunastörfum. Ef tekst að minnka brottfall úr skólum um 10% má áætla sparnað á hvern árgang um 5,4 milljarða norskra króna (Falch o.fl., 2009). Halvorsen segir að það sé ekki bara kostnaðurinn sem skipti máli heldur séu einstaklingar sem ljúka einhverju námi í framhaldsskóla að auka lífsgæði sín og ánægju (Halvorsen, 2010).

Félagsráðgjafar

Félagsráðgjafar leggja áherslu á að beita heildarsýn og þeir skoða vandamálið út frá einstaklingnum, fjölskyldunni, umhverfinu og samfélaginu og ná því oft að skilja samhengi þess. Það þýðir að þeir ná oft en ekki að greina vandamál snemma og geta jafnframt unnið að lausn þess í víðara samhengi (Sigrún Júlíusdóttir, 2001; Lára Björnsdóttir, 2006). Félagsráðgjafi starfar samkvæmt siðareglum íslenskra félagsráðgjafa og í 10. gr. stendur að félagsráðgjafar skuli nýta reynslu sína úr starfinu og hafa heildarsýn að leiðarljósi ásamt því að notast við fræðilegar kenningar og rannsóknir. Félagsráðgjafar skuli fylgjast með þeirri þróun sem á sér stað innan greinarinnar og viðhalda þekkingu sinni (Félagsráðgjafafélag Íslands, e.d.).

Félagsráðgjafar eru ásamt hjúkrunarfræðingum best til þess fallnir að greina vandamál í upphafi og beina einstaklingnum í réttan farveg. Best er að starfsstéttir vinni saman í skólaumhverfinu og leiti sameiginlega að lausn mála, því kostnaðarsamt og tímafrekt er að unnið sé að lausn vandamála eins nemanda á mörgum vígstöðvum. Hjá nemendum kunna að koma upp ýmis vandamál, svo sem þunglyndi, leiði, uppgjöf, einbeitingarskortur og efasemdir um eigið ágæti. Oft getur verið einfalt að leysa þessi vandamál séu þau rétt greind í upphafi og gripið til viðeigandi úrræða og þá í samráði við foreldra. Það skiptir því máli að nemendur séu ekki stimplaðir strax og vandamál kemur upp því það getur aukið til muna vandamál þeirra (Sigrún Júlíusdóttir, 2001).

Skólafélagsráðgjafar eru sérstaklega hæfir til þess að vinna að því að minnka brottfall úr framhaldsskólum. Félagsráðgjafi sem ætlar að vinna að því að minnka brottfall þarf að þekkja til þeirra þátta sem geta flokkast sem áhættuþættir. Hann þarf jafnframt að geta sniðið þau mörgu úrræði sem hægt er að beita að þörfum nemandans, foreldra, skólans og samfélagsins. Félagsráðgjafi þarf að reyna að taka eftir þessum áhættuþáttum hjá einstaklingum sem fyrst svo hægt sé að byrja forvarnarstarfið strax (Jozefowicz-Simbeni, 2008).

Best reynist að vinna með áhættuhópum utan hefðbundins kennslutíma til þess að valda sem minnstu róti á kennslu og þá er líklegast að kennarinn samþykki ferlið. Einstaklingar eru mismunandi og hafa ólíkar þarfir og með sumum virkar að

vinna í hópi meðan aðrir þurfa á einstaklingsaðstoð að halda. Oft eru það þeir sem þykja erfiðastir sem best reynist að vinna með í einstaklingsmeðferð, en það eru oft einstaklingar sem eiga í vandræðum með tengsl heima og þarfnast tengsla við einhvern fullorðinn innan skólans en er því miður hafnað þar líka (Jozefowicz-Simbeni, 2008).

Skólafélagsráðgjafi er einnig í þeirri stöðu að hann getur unnið með foreldrum og stutt þau til að mæta þörfum barnsins. Hann hefur þessa heildarsýn og getur því átt auðveldara en aðrir með að greina vandamálið á heimilinu. Það geta verið tungumálaerfiðleikar, skortur á menntun eða skortur á aðstoð við uppeldi og það er félagsráðgjafans að greina þessa hluti og reyna að útvega þá aðstoð sem þarf (Jozefowicz-Simbeni, 2008).

Eitt af hlutverkum skólafélagsráðgjafa getur verið að bæta andrúmsloftið á meðal starfsmanna skólans og skapa tengsl þeirra á milli. Þeir sem geta haft góð áhrif á kennara eru líklegri til að hafa góð áhrif á meðal nemanda sem svo getur minnkað brottfall. Ein leið til að skapa betra andrúmsloft og þægilegra námsumhverfi getur verið að minnka skólann og gera hann persónulegri. Það þýðir ekki endilega að það þurfi að stofna aðra skóla, heldur er hér um að ræða „skóla innan skóla“ þar sem búnir eru til kjarnar í skólanum sem svo getur leitt til þess að skólinn verður persónulegri (Jozefowicz-Simbeni, 2008).

Í könnun sem Sigrún Júlíusdóttir (2000) gerði meðal fagfólks í heilbrigðisstéttum kemur fram að þeir sem veita mesta handleiðslu eru félagsráðgjafar og sálfræðingar enda eru það þær starfsstéttir sem mesta áherslu leggja á handleiðslu í náminu. Gott er að fá félagsráðgjafa til þess að veita kennurum handleiðslu sem er til þess ætluð að styðja við kennara og efla starfskrafta þeirra (Sigrún Júlíusdóttir, 2001).

Félagsráðgjafar geta komið að því að þjálfa og leiðbeina foreldrum með aðferð sem kallast „styðjandi foreldrafærni“ (e. Parent Management Training) og snýst um það að þjálfa og styðja foreldra í uppeldi barna sinna. Þjálfunin fellst í því að foreldrunum er kennt hvernig bregðast eigi við neikvæðri hegðun barnanna og er áherslan jafnframt lögð á að taka eftir jákvæðu hegðuninni (Eamon og Venkataraman, 2003; Patterson, 2002).

Lærð neikvæð hegðun getur byrjað snemma, sem dæmi ef barn í leikskóla

vill fá eitthvað þá rífur það kannski hlutinn af öðru barni sem fer að gráta, gefur eftir og gerandinn stendur uppi í eigin huga sem sigurvegari. Árangurinn af neikvæðu hegðuninni fyrir gerandann var jákvæð því hann fékk það sem hann vildi, sem svo leiðir til þess að líklegt er að þessi hegðun verði endurtekin. Þannig getur gerandinn jafnframt valið sér fórnarlömb því hann er fljótur að læra hverjir gefa eftir og hverjir ekki (Patterson, 2002).

Það eru fimm atriði sem gott er að einblína á þegar unnið er með foreldrum að því að breyta neikvæðri hegðun. 1) taka eftir hæfileikum barnsins og styrkja þá með jákvæðu viðhorfi. 2) beita aga sem ætlaður er til þess að draga úr neikvæðri hegðun, en þá er til dæmis notast við hlé, eða að taka ákveðin forréttindi í burt eins og til dæmis að minnka tölvunotkun í það skiptið. 3) fylgjast með barninu, fylgjast með því sem barnið gerir, hverjir vinirnir eru, hvar það er og fleira. 4) aðstoða fjölskylduna við að sameinast um reglur og hver viðurlögin séu við að brjóta þær. 5) foreldri taki þátt í lífi barns síns og veiti því ást og umhyggju (Forgatch, Patterson og DeGarmo, 2005).

Félagsráðgjafi sem sér um að leiðbeina foreldrum um notkun styðjandi foreldrafærni þarf að meta hvort foreldrar hafi það sem þarf til til að beita aðferðinni og á þetta sérstaklega við um fátækari fjölskyldur. Það getur verið að foreldrar hafi til dæmis ekki pláss eða tíma til að fylgjast með börnunum sínum þegar þau eru sett í hlé. Þá þarf félagsráðgjafinn að benda á aðra möguleika eins og til dæmis að fjarlægja það leikfang sem rifist er um í ákveðinn tíma.

Félagsráðgjafinn þarf líka að gæta að því að þær aðferðir sem mælt er með til árangurs sé eitthvað sem foreldrar eru sáttir við. Ef foreldrar eru ósáttir við aðferðir sem sagðar eru virka í meðferðinni þá eru þau líklegri til að hætta þátttöku. Þess vegna þarf félagsráðgjafinn að sníða lausnir eftir því hvað hentar (Eamon og Venkataraman, 2003).

Niðurstöður

Í upphafi var lagt upp með þrjár spurningar. Sú fyrsta var hver væri hugsanleg orsök fyrir brottfalli úr framhaldsskólum. Næsta spurning var hvernig hugsanlega mætti draga úr brottfalli og að lokum hvernig þekking félagsráðgjafa gæti nýst til að draga úr brottfalli. Í skrifunum var leitast við að svara þessum spurningum.

Ef minnka á brottfall úr framhaldsskólum þarf að byrja alla vinnu í þá veruna með nemendum nokkru áður en í framhaldsskóla er komið (Svandís Nína Jónsdóttir o.fl, 2003). Þeir nemendur sem líklegir eru til að hætta námi fljótlega eftir lok grunnskóla eru yfirleitt nemendur sem hafa átt í erfiðleikum áður en í framhaldsskóla er komið. Það þarf því að byrja vinnu með þessum hóp í grunnskóla og hjálpa þeim til að yfirstíga vandamál sín í þar.

Eins og fram kemur í þroskakeningum Erikson er það strax í frumberskunnunni sem börn byrja að mynda traust við foreldra sína og þar er lagður grunnur að því hvernig börn ná að mynda traust við aðra. Á fyrstu árunum byrjar jafnframt sjálfstraustið að myndast og eru það þessir þættir sem síðar meir eru líklegir til að hafa áhrif á skólagöngu barna (Berk, 2005).

Það sem talið er vænlegast til árangurs þegar kemur að því að vinna gegn brottfalli er að kennarar og foreldrar séu í góðum og jákvæðum samskiptum og traust ríki á milli þeirra. Á þennan hátt eru foreldrar að taka þátt í lífi barna sinna og fylgjast með því hvernig þeim gengur (Desforges, 2003; Geir Bjarnason, 2010; Rannsóknir & greining, 2009). Þetta er í samræmi við lög um grunnskóla nr. 91/2008 þar sem áhersla er lögð á samstarf milli kennara og heimila. Þannig er hægt að tryggja farsælt skólastarf, almenna velferð og öryggi nemandans.

Notast er við uppbyggingarstefnuna í nokkrum skólum á Íslandi og samkvæmt Guðlaugu Erlu Gunnarsdóttur (2007) hefur reynslan af því verið góð. Kennarar og skólastjórnendur eru öruggari og vita hvað á að gera þegar vandamál koma upp og vísunum til skólastjóra hefur fækkað. Á erlendri grundu er reynslan af uppbyggingarstefnunni sérstaklega góð og hefur vísunum til skólastjóra fækkað um allt að 60% auk þess sem einkunnir í nokkrum skólum sem notast við uppbyggingarstefnuna erlendis hafa hækkað um 20% (Good o.fl., 2003).

Það getur ýmislegt spilað inn í getu foreldra til að sinna börnum sínum og er

Það þá hlutverk skólans eins og Jozefowicz-Simbeni (2008) bendir á að vinna að lausn á málefnum þeirrar fjölskyldu og í þeim tilfellum getur verið gott fyrir kennara að hafa aðgang að félagsráðgjafa sem getur komið að þeirri vinnu og aðstoðað foreldra við að leysa þann vanda sem þau og börn þeirra glíma við. Kennarar eru í þeirri lykilstöðu að þeir eru í samskiptum við börnin daglega og eiga að geta greint ef nemendur eiga við erfiðleika að stríða. Eins er það samkvæmt lögum um grunnskóla nr. 91/2008 að framkvæma eigi námsmat regluglega og þannig sé fylgst með stöðu nemanda. Kennarar þurfa samkvæmt Good o.fl. (2003) að mynda tengsl við nemendur og ná þannig að fylgjast með líðan og árangri þeirra. Sé hinsvegar litið fram hjá þessum hættumerkjum þá er mun líklegra að erfiðleikar nemenda haldi áfram að vera til staðar og jafnvel versna. Samkvæmt Sigrúnu Júlíusdóttur (2001) er vandi nemenda ekki alltaf mikill, en sé horft framhjá vanda þeirra eru líkur á að vandinn komi til með að aukast og mun erfiðara verði að vinna að lausn hans. Það er því mjög mikilvægt að kennarar geri sér grein fyrir þessu eftirlitshlutverki og að starfsmenn skólans vinni að lausn saman. Þar kemur reynsla félagsráðgjafa að góðum notum þar sem hann hefur hlotið menntun í að horfa á hlutina í víðara samhengi og hefur jafnframt tækifæri og getu til að vinna með foreldrum nemenda.

Vinna með foreldrum er mjög mikilvæg fyrir alla velferð nemenda. Þeir nemendur sem búa við uppbyggilegt uppeldi og hljóta stuðning og athygli frá foreldrum sínum eru mun líklegri til árangurs í námi en þeir nemendur sem ekki búa við slíkar aðstæður. Hlutverk kennara er að efla samstarf við foreldra og styðja þá í uppeldishlutverki sínu. Flestar rannsóknir sem gerðar hafa verið á börnum hafa sýnt að þau börn sem eru í góðum tengslum við foreldra eru mun líklegri til að halda áfram í skóla. Þau hafa yfirleitt sterkari sjálfsmynd og eru til dæmis ólíklegri til að neyta ólöglegra vímuefna eða lenda í öðrum afbrotum. Þetta er í samræmi við aðalnámskrá grunnskólanna þar sem það kemur fram að séu þessi tengsl góð og að traust ríki sé það besta forvörnin við ýmisskonar vá (Menntamálaráðuneytið, 2006).

Sjálfsmynd nemenda skiptir miklu máli vegna þess að þeir nemendur sem ekki hafa trú á eigin getu eru mun ólíklegri til að ná árangri. Samkvæmt þroskakennningum Erikson er það strax í æsku sem sjálfsmynd barna byrjar að

mótast. Á fyrstu árunum byrjar barnið á að mynda traust til foreldra sinna og sjálfstraustið er byggt upp. Hægt er að brjóta þetta traust með því að sinna ekki barninu. Barnið sækist jafnframt eftir viðurkenningu á verkum sínum og vill að foreldrar taki eftir því sem það hefur áorkað. Þetta á við heima og í skóla. Barn sem fær ekki þessa viðurkenningu í skóla eða heima hjá sér er mun líklegra til að hafa lítið sjálfstraust og ólíklegt er að það nái að tengjast skóla eða heimili nema bara af nauðsyn. Það er því mikilvægt að byggja upp sjálfstraust barna þannig að þau hafi trú á sjálfum sér og sinni getu (Berk, 2005; Brendtro o.fl., 1990; Coopersmith, 1968).

Miklu máli skiptir að þegar barn er komið á unglingsárin haldi foreldrar tengslum við unglinginn þó svo hann virðist hafa minni þörf fyrir foreldra sína en hann gerði áður og ýti þeim jafnvel frá sér. Unglingsárin eru sá tími sem miklar breytingar eiga sér stað og unglingurinn fer að mótast, fyrsta ástin að kvikna, unglingurinn er að uppgötva sjálfan sig og hvert hann vill stefna og flestir unglingar upplifa sitt fyrsta launaða starf. Á þessum tíma er mjög mikilvægt að unglingnum sé fylgt eftir og hann metinn að verðleikum því hann þarf sannarlega á því að halda að finna fyrir gildi sínu sem einstaklingi (Ólöf Ásta Farestveit og Þorbjörg Sveinsdóttir, 2006).

Norðmenn og Íslendingar leggja áherslu á mikilvægi tengsla milli skóla og foreldra fyrir velferð barnsins og hversu mikilvægt það er að efla þessi tengsl svo að draga megri úr brottfalli í skólum. Í Noregi hefur verið sett í gang áttak á landsvísi til að draga úr brottfalli. Samkvæmt skýrslu Buland og Havn (2007) er mikilvægt að byggja upp sjálfsmýnd nemenda svo þeir ljúki námi. Þannig aukast atvinnumöguleikar þeirra og þar með verður meiri jöfnuður í norsku þjóðfélagi. Það er mikið brottfall úr skólum í Noregi og reikna þeir með að um 30% Norðmanna hætti í framhaldsskóla áður en námi lýkur. Á Íslandi er svipaður fjöldi sem hættir námi þó erfitt sé að fá nákvæma tölu. Munurinn er hinsvegar sá að Norðmenn eru að meðaltali lengur í framhaldsskóla áður en þeir hætta (Falch o.fl., 2009). Átakið í Noregi hefur vakið mikla athygli þar í landi og hefur það orðið til þess að samfélagsleg vakning er um þessi mál og fólk og fyrirtæki gera sér betur grein fyrir hvaða afleiðingar brottfall getur haft. Þannig eru atvinnumöguleikar þeirra sem einungis hafa lokið grunnskólanámi mun minni en þeirra sem lokið hafa meiri

menntun. Þar virðast allir vilja leggjast á eitt til að vinna gegn brottfalli. Tengsl hafa náðst á milli atvinnulífs og skóla og þannig hafa framhaldsskólar reynt að skapa úrræði fyrir þá sem ekki ná að þrífast í venjulegu skólastarfi. Er það jafnvel hugsað til að auka áhuga nemenda á því að mennta sig meira í tengslum við þá atvinnugrein sem þeir fá reynslu af í gegnum þetta átak (Buland og Havn, 2007).

Ein aðferð sem nefnd er í ritgerðinni er „styðjandi foreldrafærni“ en það er aðferð sem gengur út á að draga úr neikvæðri hegðun barna og styðja foreldra í uppeldi sínu við að ná tökum á því og kenna þeim aðferðir sem virka til þess að mynda jákvætt andrúmsloft á heimilum og beina börnunum í réttan farveg. Á sama tíma er foreldrum beint í réttan farveg í uppeldinu. Stundum er þörf fyrir aðkomu félagsráðgjafa til að þjálfa foreldra í að beita þessari aðferð og getur sú hjálp falist í því að greina hvernig foreldrar geta beitt þessari aðferð og jafnvel mótað hana eftir aðstæðum hvers og eins foreldris (Eamon og Venkataraman, 2003).

Lokaorð

Eitt af því sem var skoðað var uppbyggingarstefnan sem gengur út á það að byggja nemendur upp á jákvæðan hátt og gefa þeim þannig tækifæri á að vera sá sem þau vilja vera. Skoðun höfundar er sú að uppbyggingarstefnan sé í anda þess sem hér er skoðað til að draga úr brottfalli úr skólum. Uppbyggingarstefna hefur fáar reglur en skýrar og mörkin eru skýr. Brjóti einhver reglurnar tekur við ákveðið ferli sem nemendur hafa tekið þátt í að móta og samþykkja. Sá sem brýtur af sér fær tækifæri til þess að bæta fyrir brot sín og læra af mistökunum og standa uppi sem sterkari einstaklingur fyrir vikið. Stefnan gengur út á að nemendum er veitt jákvæð athygli og á þá er hlustað. Uppbyggingarstefnan gengur jafnframt útfrá því að allir vilji vera góðir og ná árangri. Telur höfundur að með þessa stefnu að leiðarljósi megi ná fram árangri og draga úr brottfalli þar sem hún byggir eins og áður segir á að byggja upp einstaklinginn og því að einstaklingurinn nái þeim árangri sem hann sjálfur vill.

Í Noregi virðast vera tengsl á milli brottfalls og þess að skólar séu að hafna nemendum sem hefur það í för með sér að þeir fái skólavist í þeim skólum sem voru annað eða þriðja val. Svo virðist sem nemendur sem svo er statt fyrir komi óánægðir í skólann og noti fyrsta tækifæri sem býðst til að hætta. Það sama hefur verið að gerast á Íslandi en skólar eru farnir að nýta sér það í auknum mæli að neita nemendum um skólavist, og eru jafnvel dæmi um það að nemendur komist ekki inn í skóla sem eru fyrsta og annað val og verði því að fara í skólann sem er þriðja eða fjórða val. Þessi þróun gæti þýtt það að brottfall úr framhaldsskólum á Íslandi eigi eftir að aukast enn meira.

Norðmenn telja að spara megi um 5,4 milljarða norskra króna á hvern árgang með því að minnka brottfall um 10%. Á Íslandi hafa þessir útreikningar ekki verið gerðir og jafnvel hefur verið rætt um að dýrara sé að hafa einstakling í námi en atvinnulausan, en þá er að mati höfundar ekki verið að horfa á heildarmyndina sem er sú að tekjur og skattar eru yfirleitt lægri hjá ómenntuðu fólki og þar af leiðandi eru þau að skila lægri skatti til ríkisins allt lífið en ef þau hefðu lokið framhaldsskólanámi.

Niðurstaða höfundar er að besta forvörnin gegn brottfalli úr skólum sé

aukið samstarf við foreldra þar sem það virðist koma fram í öllum þáttum sem eitthvað hafa með árangur og sjálfsmynd barna að gera. Unglingur þarf líka á foreldrum sínum að halda og að finna fyrir því að foreldrar hafi enn eitthvað að gefa inn í líf hans. Eins er það skoðun höfundar að þær aðferðir sem hér hafa verið nefndar, uppbyggingarstefnan og styðjandi foreldrafærni, séu aðferðir sem geti haft góð og jákvæð áhrif á líf barna og unglunga og gert þá að heilsteypitari einstaklingum sem hafa trú á sjálfum sér og getu sinni. Aðkoma félagsráðgjafa að því að minnka brottfall í framhaldsskólum skiptir miklu máli þar sem þeir leggja áherslu á að hjálpa nemendum á allan þann hátt sem mögulegt er og hafa gott tækifæri til að vinna að lausn á vanda nemenda og geta komið að því að styrkja foreldra í uppeldishlutverki sínu og hafa einnig getu til að veita starfsmönnum handleiðslu og leiðbeiningar um hvernig taka eigi á vandamálum nemenda. Félagráðgjafar eru jafnframt í þeirri stöðu að þeir hafa hlotið menntun til að greina vandamál og vinna að lausn þeirra og eiga að hafa heildarsýn á nemandann. Því eiga þeir oft auðveldara með að greina hvert vandamálið er en aðrir fagaðilar.

Höfundur hefur enn þá óbilandi trú á að það sé sjálfsmynd og sjálfstraust sem skipti höfuðmáli og sé lausn á flestum félagslegum vandamálum einstaklinga. Það kemur endurtekið fram í gögnunum sem hér hefur verið vitnað til og að þau snúi öll að því að mikilvægast sé að byggja upp sjálfstraust einstaklinga.

Heimildaskrá

- Berk, L. E. (2005). *Development Through the Lifespan* (4. útgáfa). Boston: Pearson Education.
- Brendtro, L. K., Brokenleg, M. og Bockern, S. V. (1990). *Reclaiming Youth at Risk: Our Hope for the Future*. Solution Tree.
- Buchanan, P. D. A. og Huczynski, D. A. A. (2010). *Organizational Behaviour: AND Companion Website Access Card* (7. útgáfa). Financial Times/ Prentice Hall.
- Buland, T. og Havn, V. (2007). *Intet menneske er en øy: Rapport fra evalueringen av tiltak i Satsing mot frafall*. Þrándheimar: SINTEF Teknologi og samfunn. Sótt 8. mars 2011 af http://www.udir.no/upload/Rapporter/Evalueringe_tiltak_Satsing_mot_frafall.pdf.
- Coopersmith, S. (1968). *The Antecedents of Self-Esteem* (1. útgáfa). W. H. Freeman & Company.
- Desforges, C. (2003). *The Impact of Parental Involvement, Parental Support and Family Education on Pupil Achievements and Adjustment: A Literature Review*. (Rannsóknarskýrsla nr. 433). Department for Education and Skills. Sótt 15. mars 2011 af <http://education.gov.uk/publications/standard/publicationDetail/Page1/RR433>.
- Eamon, M. K. og Venkataraman, M. (2003). Implementing Parent Management Training in the Context of Poverty. *American Journal of Family Therapy*, 31(4), 281-293.
- Falch, T., Borge, L.-E., Lujala, P., Nyhus, O. H. og Strøm, B. (2010). *Årsaker til og konsekvenser av manglende fullføring av videregående opplæring*. (SØF-skýrsla nr. 03/10). Þrándheimar: Senter for økonomisk forskning AS. Sótt 11. apríl 2011 af http://www.sof.ntnu.no/SOF-R%2003_10.pdf.
- Falch, T., Johannesen, A. B. og Strøm, B. (2009). *Kostnader av frafall i videregående opplæring*. (SØF-skýrsla nr. 08/09). Þrándheimar: Senter for økonomisk forskning AS. Sótt 11. apríl 2011 af http://www.sof.ntnu.no/SOF%20R_08_09.pdf.
- Falch, T. og Nyhus, O. H. (2009). *Frafall fra videregående opplæring og arbeidsmarkedstilknytning for unge voksne*. (SØF-skýrsla nr. 07/09). Senter for økonomisk forskning AS. Þrándheimar. Sótt 11. apríl 2011 af http://www.sof.ntnu.no/SOF%20R_07_09.pdf.
- Félags- og tryggingamálaráðuneyti. (2009). *Ungt fólk án atvinnu - virkni þess og menntun*. Reykjavík: Höfundur. Sótt 11. apríl 2011 af http://www.menntamalaraduneyti.is/media/MRN-pdf/UngtFolkAnAtvinnu_lok2_251109.pdf.

- Félagsráðgjafafélag Íslands. (e.d.). Siðareglur íslenskra félagsráðgjafa. Sótt 8. mars 2011 af <http://www.felagsradgjof.is/index.php?option=content&task=view&id=8&Itemid=31>.
- Forgatch, M. S., Patterson, G. R. og DeGarmo, D. S. (2005). Evaluating Fidelity: Predictive Validity for a Measure of Competent Adherence to the Oregon Model of Parent Management Training. *Behavior Therapy*, 36(1), 3-13.
- Geir Bjarnason. (2010). *Samstarfið er miklu öflugra en messugjörðin: áhrif samstarfs heimila og skóla á vímuefnaneyslu nemenda*. Birt MA-ritgerð: Háskóli Íslands, Menntavísindasvið. Sótt 15. mars 2011 af <http://hdl.handle.net/1946/5692>.
- Good, E. P., Grumley, J. og Roy, S. (2003). *A Connected School*. Chapel Hill: New View Publication.
- Gossen, D. (2007). *Uppeldi til ábyrgðar, 2. útgáfa* (Magni Hjálmarsson þýddi). Áftanes: Útgáfufélagið Sunnhvoll. (Upphaflega útgefið 2002).
- Grunnskóli Seltjarnarness. (2010). *Vitinn - Skólahandbók Grunnskóla Seltjarnarness - 2010 - 2011*. Sótt 10. apríl 2011 af <http://grunnskoli.seltjarnarnes.is/hagnytt-daemi/skolahandbokin/>.
- Guðlaug Erla Gunnarsdóttir. (2007). *Forystustjórnun í grunnskólum - hagnýting stjórnunarháttanna í anda uppeldis til ábyrgðar*. Birt MA-ritgerð: Kennaraháskóli Íslands, Reykjavík. Sótt 15. mars 2011 af <http://hdl.handle.net/1946/2018>.
- Guðlaug Erla Gunnarsdóttir og Magni Hjálmarsson. (2007apríl). Netla - Uppeldi til ábyrgðar - Uppbygging sjálfsaga - Prentútgáfa. *Netla*. Sótt 8. mars 2011 af <http://netla.khi.is/greinar/2007/003/prent/index.htm>.
- Hagstofa Íslands. (2008). *Nemendur og námslok við 24 ára aldur*. (Skólamál nr. 3). Hagtíðindi. Reykjavík: Höfundur. Sótt 23. mars 2011 af <https://hagstofa.is/lisalib/getfiletrack.aspx?ItemID=8203>.
- Halvorsen, K. (2010, 26. júlí). Early educational support – an investment in the future. *Ministry of education and research*. Sótt 11. apríl 2011 af http://www.regjeringen.no/nb/dep/kd/aktuelt/taler_artikler/kunnskapsministerens-taler-og-artikler/taler-og-artikler-av-kunnskapsminister-k/2010/Early-educational-support--an-investment-in-the-future-.html?id=611730.
- Heiðarskóli. (e.d.). *Skólanámskrá Heiðarskóla 2010-2011*. Reykjanesbær. Sótt 8. apríl 2011 af http://heidarskoli.is/resources/Files/403_lokautgafa_2010_11.pdf.
- Hrefna Pálsdóttir, Álfgeir Logi Kristjánsson, Inga Dóra Sigfúsdóttir, Birna Baldursdóttir og Jón Sigfússon. (2010). *Ungt fólk utan skóla 2009 - Félagsleg staða 16-20 ára ungmenna á Íslandi sem ekki stunda nám við framhaldsskóla árið 2009*. Reykjavík: Rannsóknir & Greining ehf. Sótt 9. apríl

2011 af <http://www.rannsoknir.is/media/rg/skjol/Ungt-folk---Utan-skola-2009.pdf>.

Jozefowicz-Simbeni, D. M. H. (2008). An Ecological and Developmental Perspective on Dropout Risk Factors in Early Adolescence: Role of School Social Workers in Dropout Prevention Efforts. *Children & Schools*, 30(1), 49.

Lára Björnsdóttir. (2006). Heildrænt skipulag í heilbrigðis- og félagsþjónustu. Í Sigrún Júlíusdóttir og Halldór Sig. Guðmundsson (ritstjórarar), *Heilbrigði og heildarsýn: félagsráðgjöf í heilbrigðisþjónustu* (bls. 49-77). Reykjavík: Háskólaútgáfan og Rannsóknarsetur í barna- og fjölskylduvernd.

Lög um framhaldsskóla nr. 92/2008.

Lög um grunnskóla nr. 91/2008.

Menntamálaráðuneytið. (1999). *Aðalnámskrá framhaldsskóla: lífsleikni 1999*. Reykjavík: Menntamálaráðuneytið. Sótt 14. mars 2011 af <http://brunnur.stjr.is/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/xsp/.ibmmodes/domino/OpenAttachment/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/03CA892561650ECF002576F00058D4C4/Attachment/AFlifsleikni.pdf>.

Menntamálaráðuneytið. (2004). *Aðalnámskrá framhaldsskóla: Almennur hluti*. Reykjavík: Menntamálaráðuneytið. Sótt 14. mars 2011 af <http://brunnur.stjr.is/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/xsp/.ibmmodes/domino/OpenAttachment/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/2E2B4D24A5610ACE002576F00058D975/Attachment/Mmal.pdf>.

Menntamálaráðuneytið. (2006). *Aðalnámskrá grunnskóla: Almennur hluti*. Reykjavík: Menntamálaráðuneytið. Sótt 8. mars 2011 af http://brunnur.stjr.is/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/xsp/.ibmmodes/domino/OpenAttachment/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/0BEF1D5BB5954F46002576F00058DC09/Attachment/agalmennurhluti_2006.pdf.

Menntamálaráðuneytið. (2007). *Aðalnámskrá grunnskóla – Lífsleikni*. Reykjavík: Menntamálaráðuneytið. Sótt 8. mars 2011 af http://brunnur.stjr.is/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/xsp/.ibmmodes/domino/OpenAttachment/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/CEEBAFE59D69D4F5002576F00058DC39/Attachment/adalnamskra_grsk_lifsleikni.pdf.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (e.d.). Námskrár. Sótt 8. mars 2011 af <http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefing-efni/namskrar//nr/3953>.

Ólöf Ásta Farestveit og Þorbjörg Sveinsdóttir. (2006). *Verndum þau: hvernig bregðast á við grun um vanrækslu eða ofbeldi gegn börnum og unglingum*. Reykjavík: Mál og menning.

Patterson, G. R. (2002). Etiology and Treatment of Child and Adolescent Antisocial Behavior. *The Behavior Analyst Today*, 3(2), 133-144.

Polce-Lynch, M., Myers, B. J., Kliewer, W. og Kilmartin, C. (2001). Adolescent Self-Esteem and Gender: Exploring Relations to Sexual Harassment, Body Image,

Media Influence, and Emotional Expression. *Journal of Youth & Adolescence*, 30(2), 225.

- Rannsóknir & greining. (2009). *Ungt fólk 2009*. Reykjavík: Höfundur. Sótt 9. apríl 2011 af <http://www.rannsoknir.is/media/rg/skjol/Ungt-folk-5.---7.-bekkur-2009.pdf>.
- Sigrún Harðardóttir. (2009). Framhaldsskólinn og velferð nemenda. Í Halldór Sig. Guðmundsson og Silja Bára Ómarsdóttir (ritstjórar), *Rannsóknir í félagsvísindum X. Félagsráðgjafardeild og stjórn málafræðideild* (bls. 109-117). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands. Sótt 15. apríl 2011 af <http://hdl.handle.net/1946/7614>.
- Sigrún Júlíusdóttir. (2000). Handleiðslumál fagfólks á Íslandi. *Sálfræðiritið*, 6, 51-62.
- Sigrún Júlíusdóttir. (2001). *Fjölskyldur við aldahvörf: nán tengsl og uppeldisskilyrði barna*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands nr. 33/1944*.
- Svandís Nína Jónsdóttir, Stefán Hrafn Jónsson, Inga Dóra Sigfúsdóttir, Hera Hallbera Björnsdóttir og Bryndís Björk Ásgeirsdóttir. (2003). *Utanskólarannsókn - Félagsleg staða ungmenna utan framhaldsskóla og samanburður við jafnaldra þeirra í framhaldsskólum*. Reykjavík: Rannsóknir & Greining ehf. Sótt 7. mars 2011 af <http://www.ru.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=11737>.